

Lánatrygging B1

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Í vátryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið, vátryggingartaki og vátryggður notuð í sömu merkingu og í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 62. gr. laganna.

Efnisyfirlit

1. gr.	Samningur um lánatryggingu - Hverjir eru vátryggðir?	3
2. gr.	Upplýsingar	3
3. gr.	Upphaf og lok ábyrgðar félagsins	3
4. gr.	Vátryggingarfjárhæð	3
5. gr.	Rétthafi bóta	3
6. gr.	Iðgjald og afleiðingar vanskila	3
7. gr.	Undanskildar áhættur	3
8. gr.	Bótagreiðslur	4
9. gr.	Yfirráðaréttur	4
10. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum	4
11. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar	4
12. gr.	Fyrning	4
13. gr.	Breytingar á skilmálum	4
14. gr.	Ágreiningur	4
15. gr.	Varnarþing	4
16. gr.	Vernd persónuupplýsinga	5

1. gr. Samningur um lánatryggingu - Hverjir eru vátryggðir?

Lánatrygging er dánaráhættulíftrygging fyrir þátttakendur í þeim hópi, sem tilgreindur er í samningi um vátrygginguna milli lánveitanda, Íslandsbanka hf., hér eftir nefndur bankinn, og Sjóvá-Almennta líftrygginga hf., hér eftir nefnt félagið.

Vátrygging þessi tengist lántöku þátttakenda í hópnum hjá bankanum.

Grundvöllur vátryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á vátryggingarbeiðni og önnur gögn sem tengjast samningnum.

2. gr. Upplýsingar

Umsækjandi um aðild að vátryggingu þessari gefur heilsufarsyfirlýsingu í samræmi við reglur félagsins fyrir töku vátryggingarinnar og fyrir hækkun á höfuðstól viðeigandi láns. Félagið áskilur sér heimild til að leggja á viðbótariðgjald eða synja um aðild að vátryggingunni eða hækkun vátryggingarinnar á grundvelli áhættumats félagsins.

Í 11. gr. skilmála þessara er kveðið á um áhrif brota á upplýsingaskyldu, svika og rangrar upplýsingagjafar um áhættuna við töku vátryggingarinnar og við uppgjör bóta.

3. gr. Upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart þátttakendum í hópnum hefst þegar félagið hefur mótttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að samþykka aðild að vátryggingunni samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu.

Ábyrgð félagsins gagnvart einstökum þátttakendum í hópnum lýkur þegar viðeigandi lán, sem vátryggingin tengist, er uppgreitt eða þegar annar aðili hefur yfirtekið lánið, þó aldrei síðar en í lok þess almanaksmánaðar eftir að vátryggður hefur náð 70 ára aldri. Þá getur ábyrgð félagsins gagnvart einstökum þátttakanda í hópnum lokið vegna vanskila, sbr. 6. gr. þessara skilmála.

Um rétt þátttakanda í hópnum til að viðhalda líftryggingu þegar aðild hans að hópnum lýkur fer samkvæmt reglum 132. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð á hverjum tíma er jöfn réttum eftirstöðvum viðeigandi láns, án dráttarvaxta og annars mögulegs álags vegna vanskila.

5. gr. Réttthafi bóta

Vátrygging þessi er tekin til hagsbóta fyrir bankann í tengslum við lántöku hjá bankanum. Bankinn er réttthafi bóta úr vátryggingunni.

6. gr. Iðgjald og afleiðingar vanskila

Iðgjaldið ákveðst samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá á hverjum tíma. Félagið innheimtir iðgjald tryggingarinnar einu sinni á ári og er gjalddagi tilgreindur á greiðsluseðli eða greiðslutilkynningu. Ef vátryggður þátttakandi í hópnum stendur ekki skil á iðgjaldi tryggingarinnar hefur félagið heimild til þess að tilkynna honum um niðurfellingu aðildar að hópnum. Félagið sendir þá tilkynningu til þátttakanda í hópnum um að ef hann greiði ekki iðgjaldið innan 14 daga frá tilkynningunni falli vátryggingarvernd hans niður.

Um lok ábyrgðar félagsins fer samkvæmt 96. og 131. gr. laga nr. 30/2004.

7. gr. Undanskildar áhættur

Hafi vátryggður þátttakandi í hópnum svipt sig lífi og aðild hans að vátryggingunni ekki staðið óslitið síðustu 12 mánuði, er félagið laust úr ábyrgð.

Vátryggingin bætir ekki dauðsföll af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þar með talið vegna sýkla og veira. Sama gildir um dauðsföll af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

8. gr. Bótagreiðslur

Tilkynna skal félaginu um andlát þátttakanda í hópi án ástæðulausrar tafar.

Vátryggingarfjárhæðin greiðist til bankans, til uppgreiðslu eða til innborgunar á eftirstöðvar viðeigandi láns hjá bankanum.

Félagið greiðir vátryggingarfjárhæðina innan 14 daga frá því að lögð hafa verið fram nauðsynleg gögn til staðfestingar á greiðsluskyldu félagsins.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Yfirráðaréttur

Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum, sem vátrygging þessi veitir. Falli vátryggingin úr gildi af öðrum orsökum en dauða, er verðmæti hennar ekkert.

10. gr. Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

- ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
- ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Vátryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, sbr. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004. Þátttakandi í hópunum getur því hvenær sem er samningstímans sagt aðild sinni að vátryggingunni upp. Skal það gert skriflega til félagsins. Í Félagið vekur athygli þeirra á rétti til að halda vátryggingunni áfram samkvæmt 132. gr. laga nr. 30/2004. Um lok ábyrgðar félagsins fer samkvæmt 2. mgr. 131. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða líftryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða líftryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

12. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Breytingar á skilmálum

Félagið áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar á vátryggingartímanum. Um slíkar breytingar fer samkvæmt reglum 133. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fullri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

15. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2010

[Efst á skjal](#)